

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. janúar 2022
Tilvísun: 202112-0050
SS
SS

Efni: Umsögn um efnistöku utan netlaga í Skutulsfirði vegna dýpkunar við Sundabakka


Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun, dags. 20. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hafna Ísafjarðarbæjar um efnistöku utan netlaga í Skutulsfirði vegna dýpkunar við Sundabakka.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um dýpkun Sundabakka Ísafjarðarbæjar utan netlaga í Skutulsfirði en framkvæmdin hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um frummatsskýrsluna þann 23. desember 2020. Vísað var til umsagnarinnar í álitum Skipulagsstofnunar sem var birt þann 5. maí 2021.

Í umhverfismatinu var lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á lífríki þ.m.t. botndýralíf og fuglalíf. Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að botndýralíf verði fyrir neikvæðum áhrifum á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði sem og á losunarsvæði í Ísafjarðardjúpi ef til þess kemur að það verði notað (um það er ekki fjallað í umsókn Hafna Ísafjarðarbæjar til Orkustofnunar). Botndýralíf er ekki talið fjölbreytt á þessu svæði auk þess sem hafnarsvæðið við Sundabakka er að einhverju leyti raskað nú þegar. Áhrif á fuglalíf verða einkum tímabundin á framkvæmdatíma auk þess sem við dýpkunina verði gengið á fæðuöflunarsvæði fugla.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru þessi umhverfisáhrif ekki stórvægileg og eiga sér stað á svæði sem er þegar raskað eða undir álagi að einhverju leyti vegna skipaumferðar og starfsemi á landi. Þá er möguleiki á að botndýralíf og þar með fæðuöflunarsvæði fugla endurheimtist eftir einhvern tíma á dýpkunarsvæðinu. Engu að síður þarf að draga úr gruggmengun eins og hægt er á framkvæmdatíma og fara varlega á viðkvæmum tímum fyrir fuglalíf svo sem síðla á varptíma þegar ófleygir ungar t.d. æðarfugls geta verið á framkvæmdasvæðinu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands



